

Fundur stjórnar Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, haldinn fimmtudaginn 5. nóvember 2015, kl. 9.00, að Sigtúni 42, Reykjavík.

**Mætt:** Ketill Berg Magnússon, Bylgja Valtýsdóttir, Ragnheiður Haraldsdóttir, Steinunn Hrafnadóttir, Pröstur Emilsson og Jónas Guðmundsson, sem ritaði fundargerð.

Þetta var gert:

**1. Fundur með fulltrúum SÍBS**

Formaður skýrði frá fundi hans, SH og JG með fulltrúum SÍBS um væntanlegt frumvarp um félagasamtök til almannaheilla. SÍBS hefur sent frá sér gagnrýni á efni frumvarpsins. Farið var yfir þessi gagnrýnisefni. Einnig var stuðningur Almannaheilla við frumvarpsdrögin útskýrður. Í ljós kom að aðilar eru sammála um markmið lagabreytinganna en höfðu misjöfn viðhorf til leiða.

**2. Efni til dreifingar um efni frumvarps**

Ákveðið að taka saman stutt kynningarefni um efni frumvarps til laga um félagasamtök til almannaheilla og þýðingu þess fyrir almannaheillasamtök. Verði efninu dreift til aðildarfélaga.

**3. Aðildarumsóknir fjögurra félaga**

Farið var yfir umsóknir fjögurra félaga um aðilda að Almannaheillum. Tvær umsóknir voru samþykktar:

Fræ, félag áhugafólks um forvarnir og heilsueflingu

Móðurmál, samtök um tvítýngi

Skipaður var sérstakur innökuhópur, skipaður RH, BV og ÞE, til að fara nánar yfir tvær aðrar umsóknir, sem liggja fyrir, óska eftir gögnum, og leggja tillögu fyrir fund stjórnar.

**4. Málþing um frumvarp**

Dagskrá málþings þ. 18. nóvember er komin vel á veg, en þó á eftir að ganga endanlega frá henni. Ákveðið að dreifa dagskránni á næstu dögum.

**5. Fundur fólksins í vor**

Formaður skýrði frá undirbúningsviðræðum við félög og stofnanir sem standa munu að Fundi fólksins á komandi vori. Norræna ráðherranefndin hefur boðið fulltrúa Almannaheilla á fund með forsvarsfólki sambærilegra hátíða félaga- og stjórnmálasamtaka á Norðurlöndum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11.55. Næsti fundur verður haldinn 3. desember.